

Fljótsdalshérað
Ómar Þröstur Björgólfsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Umhverfisstofnun
Áb. _____
19. ágú. 2011
10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. ágúst 2011
UST20110600055/hmj

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð á Hrafnabjörgum, Fljótsdalshéraði.

Vísað er í erindi frá skipulags- og byggingafulltrúa Fljótsdalshéraðs dags. 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framangreinda deiliskipulagstillögu.

Skipulagssvæði og fyrirhugaðar framkvæmdir

Jörðin Hrafnabjörg er eyðijörð á náttúruminjaskrá. Jörðin afmarkast þannig að í austri eru Dyrfjöll, í suðri er eyðijörðin Þórsnes og skilur Jökulsá þar á milli, í vestri er Selfljótið og í norðri er jörðin Unaós. Eina mannvirkið á jörðinni er 30 m² frístundahús, engir vegir eru innan jarðarinnar og engar raf eða símalínur. Göngustígur liggur um jörðina frá þjóðveginum að Jökulsá og er hann ekki vélfær.

Fyrirhugað er að byggja 6 ný frístundahús í túnfætinum þ.e. í nágrenni við núverandi hús. Deiliskipulagið skilgreinir 6 byggingareiti innan jarðarinnar þar af einn fyrir núverandi hús. Byggingarreitir eru hringlaga með 30 m þvermál. Staðsetning byggingareita er miðuð við að ekki verði skerðing á fornleifum, votlendi né árbökkum og ekki er gert ráð fyrir lagningu vega eða lagna. Flutningur á efni og búnaði verður um Selfljót og Jökulsá. Allar byggingar skulu háðar ákvæðum byggingarreglugerðar, samþykktu aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs og ákvæðum tilgreinds deiliskipulags.


Athugasemdir Umhverfisstofnunar


Umhverfisstofnun bendir á að Stóruð og Hrafnabjörg eru á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins framhlaups og fjölbreytts og sérstæðs landslags. Í greinargerð með deiliskipulagstillögu kemur fram að staðsetning reita sé miðuð við að ekki verði skerðing á fornleifum, votlendi né árbökkum. Miða á staðsetningu húsa við að sem minnst jarðrask verði við gerð undirstaða og því lýst hvernig húsin skuli löguð sem best að landslagi m.t.t. lögunar og lita. Einnig er tekið fram í greinargerð að öll byggingarefni skuli endurnýtanleg, að frátöldum málmplötum á þök, glerjum í glugga og steypu í undirstöðusúlur í jörðu. Að öllu framantöldu gefnu og svo fremi að allur frágangur verði til fyrirmyndar telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að verndargildi svæðisins raskist vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í greinargerð kemur fram að kalt vatn hafi verið virkjað ofan við núverandi hús á jörðinni og að reiknað sé með því að sú vatnsveita muni nýtast öllum húsunum við túnfótinn. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í greinargerð um hvernig skuli staðið að hitun vatns fyrir húsin og hitun húsanna sjálfra.

Varðandi fráveitumál er því lýst að hvert hús muni hafa sína rotþró sem staðsett verði innan byggingareits og að við staðsetningu hennar og losun verði farið eftir heilbrigðislögum og reglugerðum ásamt „Samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði“. Í 4. gr. framangreindrar samþykktar stendur: „Eigandi fráveitu skal sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni“. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í greinargerð hvernig slíkt aðgengi verði tryggt þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum vélfærum vegum inn á jörðina. Stofnunin áréttar í því sambandi að farið verði eftir lögum nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og bendir einnig á leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Halla M. Jóhannesdóttir